



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 10. janúar 2021

2002074 KHÓ

Efni: Viðauki nr. 18 við fjárhagsáætlun 2021

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 18 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Tilfærslur samþykktar í bæjarráði:

- 11.2.2021. Bæjarráð samþykkir viðbótarfjármagn vegna breytinga á öryggiskerfi bæjarskrifstofu að fjárhæð 1.000.000 kr. á deild 21400-4660. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4660.
- 25.3.2021. Bæjarráð samþykkir viðbótarfjármagn vegna ráðningarkerfisins Alfreðs að fjárhæð 1.339.200 kr. á deild 21690-4992. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4995, 882.710 kr. og af 20830-4980, 456.490 kr.
- 15.4.2021. Bæjarráð samþykkir viðbótarfjármagn vegna samning svið Björgunarfélag Akraness að fjárhæð 1.800.000 kr. á deild 07830-5948. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4995.
- 15.4.2021. Bæjarráð samþykkir viðbótarfjármagn vegna tækjakaupa fyrir Bókasafn Akraness að fjárhæð 500.000 kr. á deild 05210-4660. Útgjöldum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4995.
- 7.3.2021 – Lokaður fundur. Bæjarráð samþykkir viðbótarútgjöld vegna bakvakta barnaverndar að fjárhæð 770.000 kr. á deild 02320-1691. Útgjöldum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-1697
- 12.5.2021 - Lokaður fundur. Bæjarráð samþykkir viðbótarútgjöld handleiðslu starfsfólks í Holtinu að fjárhæð 800.000 kr. á deild 02320-4391. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4995.



Tilfærslur samþykktar á sviðsstjórafundi:

- 25.3.2021. Á sviðsstjórafundi var samþykkt viðbótarfjármagn tækjakaupa á Byggðasafni að fjárhæð 380.000 kr. á deild 61190-4660. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4660.

Þessi breyting hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu.

Aðrar breytingar, tillaga fjármálasviðs:

- Villa við útreikning á áætlun launa fyrir sérkennslu Garðasel uppgötvaðist og vantar inn á deild 04100 5.900.000 kr. vegna starfsmanns í 80 % stöðugildi. Stöðugildið er inni í áætlun en ekki reiknuðust laun á starfsmanninn sem yfirsást. Lagt er til að færa á milli liða 5.900.000 kr. á 04100-1691 af óvissum útgjöldum 20830-1697.
- Ákveðið hefur verið að breyta bókun á félagslegu leiguhúsnaði. Tekjur og gjöld vegna þeirra hafa verið bókuð á eignasjóð deild 31310 (Leiguíbúðir). Eftir ábendingar frá endurskoðanda hefur verið ákveðið að breyta bókun þar sem eðlilegra er að tekjur og gjöld bókist undir félagsþjónustu. Eignasjóður rúkkar innri leigu af þeim íbúðum sem eru í eigu Akraneskaupstaðar. Óskað er eftir eftirfarandi tilfærslum:

Fært af	Lýsing	Fjárhæð	Fært á
31310-0340	Húsaleiga - tekjur	67.710.000	02180-0340
31310-4420	Húsaleiga	32.450.500	02180-4420
31310-4490	Hússjóður	1.523.323	02180-4490
31310-4510	Rafmagn	850.000	02180-4510
31310-4520	Heitt vatn	1.670.000	02180-4520
31310-4910	Innheimtukostnaður	70.040	02180-4910

Þessar breytingar hafa ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar

Kristjana Helga Ólafsdóttir

Deildarstjóri fjármála